



ÁRSSKÝRSLA
2014

fjs Fjársýsla
ríkisins



ÁRSSKÝRSLA
2014

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Apríl 2015

Ljósmyndir í ársskýrslunni eru úr ljósmyndasafni, þema myndanna eru fossar.
Forsíðumynd er af Litlanesfossi.

©Einar Guðmann (<http://photos.gudmann.is#!/index>)

©Gyða Henningsdóttir (<http://photos.gyda.is#!/index>)

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli fjársýslustjóra	6
Um Fjársýslu ríkisins	8
Hlutverk og stefna	8
Markmið og áherslur	9
Starfsemin á árinu	10
Starfsemin	10
Fjármál	15
Starfsmenn og þróun	17
Kennitölur	19
Ársreikningur 2014	24
Rekstrarreikningur	26
Efnahagsreikningur	27
Sjóðstreymi	28
Staða viðfangsefna	29

Ársskýrslan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.
Hönnun og umbrot: Fjársýsla ríkisins, apríl 2015
Letur er Calibri.

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Árið 2014 einkenndist starfsemi Fjársýslu ríkisins af nokkrum nýjum umfangsmiklum verkefnum til viðbótar við þau hefðbundnu. Rekstrarfjárveitingar til stofnunarinnar voru skertar sjötta árið í röð eða um tæpt 1% á árinu 2014. Skerðingin á árinu 2014 nemur 18,4% samanborið við árið 2008. Sem fyrr var lögð rík áhersla á hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar á árinu 2014 en ný verkefni voru fjármögnuð með afgangsfjárheimildum frá fyrri árum.

Hefðbundin starfsemi Fjársýslunnar helgast af áherslu á nákvæmni, tímanleika og öryggi upplýsinga, en verkefni fela í sér að dagsetningar leika þar æði stórt hlutverk. Nægir þar að nefna mikilvægi þess að sjá til að laun ríkisstarfsmanna, barnabætur, vaxtabætur, reikningar ríkisstofnana og ríkissjóðs séu alltaf greiddir á tilsettum tíma. Jafnframt þarf að tryggja hraða birtingu upplýsinga um fjárhagsstöðu einstakra ríkisaðila og ríkissjóðs bæði innan ársins og við útgáfu ríkisreiknings viðkomandi árs. Ríkisreikningur fyrir árið 2013 lá fyrir í júnílok 2014.

Sem fyrr var áframhaldandi þróun á upplýsingakerfum fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir fyrirferðamikil verkefni hjá stofnuninni. Vinna við innleiðingu rafræna reikninga hjá ráðuneytum, ríkisstofnunum og ríkissjóði er mikilvægt verkefni, en fjármála- og efnahagsráðuneytið tilkynnti á árinu 2013 að frá ársbyrjun 2015 yrði aðeins tekið við reikningum á rafrænu formi. Vissulega er hér um verkefni að ræða sem mun þróast á komandi árum og á vafalítið eftir að skila mikilli hagræðingu fyrir þjóðfélagið í framtíðinni.

Seinni hluta árs 2014 var ákveðið að bjóða út rekstur á Orra, þ.e. fjárhags- og mannauðskerfis ríkisins. Allur undirbúningur við útböð af þessari stærðargráðu er mjög vandasamur og tímafrekur, en ráðinn var verktaki með langa reynslu og þekkingu til að hafa umsjón með verkefninu. Tilboð voru opnuð í desember og bárust 8 tilboð frá þremur aðilum, þar af 6 frá Advania sem er núverandi rekstraraðili á kerfinu. Vinna við yfirferð tilboða hófst þá þegar.

Í heild var halli hjá stofnuninni á árinu 2014 sem nam 80 millj. kr. Sá halli skýrist í aðalatriðum af einskíptis útgjöldum sem tengjast Orra. Hér vega þyngst kaup á gagnagrunnsleyfi sem er nauðsynlegt fyrir áframhaldandi notkun á kerfinu að fjárhæð 37 millj. kr., uppgjör vegna uppfærslu á kerfinu í útgáfu 12.1.3 að fjárhæð 28 millj. kr. og áfallinn kostnaður á árinu af undirbúningi og úrvinnslu útboðs að fjárhæð 23 millj. kr. Hér var um að ræða fyrirséðan kostnað sem var mætt með ónýttum fjárheimildum á undanförunum árum.

Gunnar H. Hall
fjársýslustjóri



Svartifoss

FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

Stofnuninni ber að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð

UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

Hlutverk og stefna

FJS starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Fjárslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þ. e. viðskiptavina, samstarfsaðila, starfsmanna og samfélagsins í heild.
- Vinna að því að efla traust og áreiðanleika við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun, hæfni og starfsánægju.

Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og hafa frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs verði öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

Markmið og áherslur

Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki, traustri sérfræðikunnáttu og hagnýtum upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum. Hér er um viðamikil verkefni að ræða, sem þarf að fylgja eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með fjárfestingunni.

Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefni eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilatriði er að stofnunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og að bæta upplýsingaflæði innan hennar.

Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Áriðandi er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslur styrkja og bóta, greiðslur reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almenn er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi.


Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum



Af nýjum veigamiklum verkefnum er helst að nefna aukið magn rafrænna reikninga



Foss á Síðu

Sjötta árið í röð voru fjárveitingar til rekstrargjalda lækkaðar hjá stofnuninni eða um tæpt prósent

Í samráði við Ríkiskaup og fjármála- og efnahagsráðuneytið var ákveðið að bjóða aftur út rekstur á Orra seinni hluta árs 2014

STARFSEMIN Á ÁRINU

Auk hefðbundinna verkefna einkenndist starfsemi Fjársýslu ríkisins (FJS) af nýjum veigamiklum verkefnum á árinu 2014. Þar er helst að nefna aukið magn rafrænna reikninga sem felur í sér töluvert álag á bókhalds-svið stofnunarinnar, tímafreka undirbúningsvinnu í tengslum við nýtt frumvarp til laga um opinber fjármál og loks vinna við útboð á rekstri Orra sem fram fór á seinni hluta ársins. Ríkisreikningur fyrir árið 2013 kom út um miðjan ágúst 2014. Sjötta árið í röð voru fjárveitingar til rekstrargjalda lækkaðar hjá stofnuninni eða um tæpt prósent. Sem fyrr var lögð áhersla á að gæta aðhalds í rekstri án þess að það bitnaði um of á þjónustugæðum og starfsánægju. Afkoman í heild var neikvæð um 80 m.kr. og skýrist það í aðalatriðum af einskíptis útgjöldum í tengslum við upplýsingakerfin. Þeim kostnaði var mætt af geymdum ónýttum fjárheimildum fyrri ára.

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS er að annast þróun og rekstur fjárhagskerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir, þ.e. Orra, TBR og lánakerfi ríkisins. Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um upplýsingakerfin og aðra mikilvæga þætti í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2014.

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri)

Áfram var unnið að þróun á Orra í samvinnu við stærstu notendur. Í aðalatriðum gekk rekstur kerfisins vel á árinu 2014 en helstu verkefni voru eftirfarandi:

- Viðskipti með rafrænum reikningum aukast stöðugt og er markvisst unnið að því að allir reikningar sem berast ríkinu verði á rafrænu formi.
 - Stofnanir í Orra noti AP (viðskiptaskuldir) til að greiða reikninga
 - Reikningar úr AR (viðskiptakröfur) verði almennt á rafrænu formi
- Í samráði við Ríkiskaup og fjármála- og efnahagsráðuneytið var ákveðið að bjóða aftur út rekstur á Orra seinni hluta árs 2014. Ákveðið var að útboðið yrði svokallað örútbóð innan rammasmunings Ríkiskaupa um „Hýsingu og rekstur“. Gerð útboðsgagna og kröfulýsing krafðist mikillar undirbúningsvinnu og var ráðinn utanaðkomandi verktafi með víðtæka reynslu og þekkingu á rekstri stórra tölvukerfa til verkefnisins. Tilboð voru opnuð í desember sl. og bærust 8 tilboð, þar af voru 6 frá Advania sem er núverandi rekstraraðili kerfisins. Vinna við yfirferð tilboða hófst strax í desember.
- Mikil vinna hefur verið lögð í að aðstoða ráðuneyti og stofnanir við að hefja skráningu í eignakerfið og eru flest þeirra langt komin eða búin að ljúka skráningu. Tíðar breytingar á uppbyggingu og staðsetningu ráðuneyta og stofnana á síðustu árum hafa tafið verkið verulega og gert það til muna flóknara en ella.
- Samkvæmt mótaðri stefnu FJS er Orri uppfærður reglulega og var kerfið uppfært í útgáfu 12.1.3+ á árinu.

- Í árslok 2014 keypti FJS gagnagrunnsréttindi fyrir Orra. Er það nauðsynleg aðgerð til að tryggja áframhaldandi nýtingu á kerfinu ekki síst m.t.t. þróunar á því í tengslum við nýtt frumvarp um opinber fjármál. Það opnar meðal annars möguleika á að útbúa skýrslur á App formi.
- Í mannauðshluta Orra var áfram unnið að því að ná inn upplýsingum um starfssögu starfsmanna ríkisins og bætt við eldri gögnum svo hægt sé að gefa út starfsaldursvottorð. Verkefnið er langt komið og hófust prófanir á árinu. Unnið var að endurhönnun á útreikningi vegna lífeyrissjóða sem og skjámyndum vegna séreignasjóða og lauk því starfi á árinu 2014. Jafnframt var fram haldið með innleiðingu á ráðningarkerfinu hjá stofnunum sem og vaktaáætlunar- og viðverukerfinu Vinnustund.
- Í eignakerfi Orra var unnið að því að leggja lokahönd á skráningu stofnana og ráðuneyta inn í kerfið en tíðar breytingar á uppbyggingu og staðsetningu þeirra á síðustu árum hafa tafið verkið
- Ný útgáfa af ferðauppgjörskerfi Orra var tekin í notkun þar sem stuðningur er við verkbókhald.
- Fundin var lausn á því að gera reikninga og fylgiskjöl aðgengileg fyrir þá sem fá kröfur sendar úr AR (viðskiptakröfur) í heimabanka þannig að hægt sé að sjá hvað er verið að innheimta fyrir.
- Vefþjónustur í Orra og TBR voru yfirfarnar og settar fram nokkrar ábendingar um hvernig væri hægt að bæta öryggi og rekstur. Unnið var að þessum ábendingum á árinu.

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR)

Á árinu voru 18 útgáfur af kerfum TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minniháttar breytingum á einstökum kerfishlutum. Þessar útgáfur miða einkum að því að auðvelda notendum vinnu í kerfinu og samskipti við gjaldendur. Í grófum dráttum er helst að nefna eftirfarandi:

- Aukið sjálfstæði notenda TBR. Vinnsluferli var sett upp sem tekur á lokauppgjöri hjá þeim aðilum sem fengu samþykka greiðslu-aðlögun. Þá voru eftirlitslistar endurbættir. Útborgunarferli innheimtumanna var einfaldað með því að unnt er að kalla fram inneignir sem eru taldar hæfar til útborgunar ásamt uppgæfnum bankareikningum. Þá var verkefnið „Pinnið á minnið“ sett af stað.
- Unnið var við að bæta enn frekar þjónustu við gjaldendur og launagreiðendur í gegnum island.is. Lögð var áhersla á að efla upplýsingagjöf til gjaldenda t.d. með því að gera þeim kleift að nálgast greiðsluseðla, innheimtubríf, tilkynningar, reikninga, greiðslukvittanir o.fl. beint úr kerfinu. Einnig var hafinn undirbúningur að því að skrifa yfirlit út úr TBR á fleiri tungumálum.
- Seinni hluta árs hófst undirbúningur að breytingum á vanskilakerfi, innheimtu, viðskiptamannakerfi, greiðslu- og aðgangskerfi TBR vegna sameiningar sýslumannsembætta hinn 1. janúar 2015.

Í árslok 2014 keypti FJS gagnagrunnsréttindi fyrir Orra. Er það nauðsynleg aðgerð til að tryggja áframhaldandi nýtingu á kerfinu

Í mannauðshluta Orra var áfram unnið að því að ná inn upplýsingum um starfssögu starfsmanna ríkisins og bætt við eldri gögnum svo hægt sé að gefa út starfsaldursvottorð

Á árinu voru 18 útgáfur af kerfum TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minniháttar breytingum á einstökum kerfishlutum

Unnið var við að bæta enn frekar þjónustu við gjaldendur og launagreiðendur í gegnum island.is

Gerð var gróf frumgreining á styrkleikum og veikleikum í TBR sem undirbúningur að stefnumörkun og frekari þróun kerfisins á næstu misserum



Lax stekkur foss

Fjöldi reikninga sem streyma í gegnum bókhaldssvið FJS er um 130.000 á ári eða um 550–600 reikningar á dag sem eru afgreiddir til greiðslu.

Fjöldi rafrænna reikninga hefur aukist mjög á undanförunum misserum og á sú þróun eftir að halda áfram

Fræðsla er vaxandi þáttur í starfsemi FJS og á árinu 2014 sóttu um 350 þátttakendur rúmlega 35 námskeið hjá FJS

- Haldið var áfram með rafræn skil á bókhaldsfærslum til Orra niður á bókunarstað með áherslu á tekjur stofnana í greiðslu- og bókhaldsþjónustu FJS.
- Gerð var gróf frumgreining á styrkleikum og veikleikum í TBR sem undirbúningur að stefnumörkun og frekari þróun kerfisins á næstu misserum. Kerfið verður 15 ára á árinu 2015 og því tímabært að huga að framtíðarhögum þess og mótun framtíðarstefnu.

Lánakerfi ríkisins (Libra Loan)

Libra kerfið var innleitt hjá ríkissjóði á árinu 2007 til að halda utan um lánamál ríkisins, þ.e. veitt og tekin lán ríkissjóðs. Kerfið er undirbók í aðalbókhaldi ríkisins og flæða upplýsingar þaðan vélrænt inn í fjárhagskerfi ríkisins, Orra. FJS sér um bókhald og reikningsskil allra tekinnna og veittra lána ríkissjóðs sem og skuldaviðurkenningar. Seðlabankinn skráir öll tekin lán sem hann annast fyrir ríkissjóð inn í lánakerfið. FJS skráir öll veitt lán í kerfið og varðveitir öll lánskjöl sem þeim tengjast. Í árslok 2014 voru 323 tekin lán skráð í kerfið og 608 veitt lán.

Rafrænir reikningar

Fjöldi reikninga sem streyma í gegnum bókhaldssvið FJS er um 130.000 á ári eða um 550–600 reikningar á dag sem eru afgreiddir til greiðslu. Á undanförunum árum hafa rafrænir reikningar rutt sér til rúms og fer hlutdeild þeirra hækkandi. Rafrænir reikningar fá allt aðra meðhöndlun í bókhaldsumsýslunni en reikningar á pappírformi. Verkerfarnir gjörbreytast og það hefur mikil áhrif á starfsemi bókhaldssviðsins sem annast þjónustu fyrir samtals um 100 ríkisstofnanir og ráðuneyti. Hingað til hafa reikningar borist á pappírformi til viðkomandi aðila sem hafa yfirfarið þá og samþykkt og síðan sent þá FJS til bókkunar og greiðslu. Rafrænir reikningar berast hins vegar beint til FJS og mikilvægt er að þeir fari í afgreiðsluferli eins fljótt og hægt er. Bókhaldssviðið yfirfer hvern einasta rafræna reikning og merkir áður en hann er sendur í samþykktarferli til viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar. Þegar samþykkt reiknings liggur fyrir er hann sendur aftur til bókhaldssviðsins sem gengur frá endanlegri bókkun hans. Tilkoma rafrænna reikninga felur því í sér ný verkefni í tengslum við móttöku og afgreiðslu reikninga, umsjón með bókkunarvél, umsjón og viðhald með samþykktarkerfinu, eftirlit og afgreiðslu á reikningum sem er hafnað, eftirlit með stöðu reikninga í samþykktarferli ofl. Mikilvægt er að rafrænir reikningar uppfylli alla staðla og kröfur áður en þeim er hleypt í gegnum skeytamiðlara og inn í gagnadagbók Orra. Fjöldi rafrænna reikninga hefur aukist mjög á undanförunum misserum og á sú þróun eftir að halda áfram. Fram hefur komið að með þeim verður mikil breyting varðandi bókhaldsumsýslu fyrir þá aðila sem njóta þjónustu FJS. Gjörbreytt verkferli hefur í för með sér aukna vinnu og álag hjá bókhaldssviði FJS en að sama skapi dregur umtalsvert úr vinnu hjá ráðuneytum og stofnunum. Ekki leikur vafi á því að til lengri tíma litið getur ríkissjóður sparað töluvert fé með þessum breytingum.

Námskeið og gerð fræðsluefnis

Fræðsla er vaxandi þáttur í starfsemi FJS og á árinu 2014 sóttu um 350 þátttakendur rúmlega 35 námskeið hjá FJS. Ætla má að um 15 starfsmenn komi beint eða óbeint að umsjón með fræðslunni og kennslunni sjálfri. Kennsluefnið er aðgengilegt á heimasíðu FJS en þar er einnig boðið upp á skráningu á þau námskeið sem stofnunin býður upp á.

Í lok árs 2014 var lokið við að endurvinnna allt kennsluefni í launa- og starfsmannahluta mannaúðskerfis Orra. Unnið var að endurbótum leiðbeininga, verkferla og ýmissa reglna sem tengjast bókhaldi stofnana og gera þær aðgengilegar á vefsíðu FJS. Sú vinna er stöðug enda eru kerfin og ferlar í sífældri þróun og uppfærslu. Við gerð námsfnefnisins er lögð áhersla á að lýsa þeim vinnubrögðum sem nauðsynleg eru m.v. gildandi lög og reglur sem og aðra góða starfshætti. Haldið var áfram með að setja gögn inn í nýtt birtingakerfi TBR fyrir handbækur, námskeiðsgögn og leiðbeiningar.

Innra eftirlit

Innra eftirlit launasviðs FJS hefur verið eftt með reglubundnum úttektum á skýrslum til að fækka villum í launakeyrslum. Unnið er að því að efla eftirlitið enn frekar með því að afla ytri staðfestinga með reglubundnum hætti svo sem frá lífeyrissjóðum, stéttarfélagum, sér-eignasjóðum o.fl.

Ríkisreikningur.is

Fjármála- og efnahagsráðherra opnaði um miðjan ágúst nýjan vef á vegum FJS, rikisreikningur.is. Þar er að finna aðgengilegar upplýsingar með sundurliðunum á tekjum og gjöldum ríkisins frá árinu 2004 og til dagsins í dag á rafrænu formi. Gögnin er hægt að skoða á margvíslegan hátt. Þar er að finna almenn yfirlit sem sýna sömu upplýsingar og finna má í útgefnum ríkisreikningi en einnig er hægt að kafa dýpra og fá upplýsingar niður á stofnun og kostnaðartegund. Vefurinn veitir aðgang að rafrænum upplýsingum um tekjur og ýmis útgjöld á vegum ríkisins, t.d. eftir stofnunum og árum með aðgengilegri hætti en verið hefur. Auðvelt er að ferja gögnin yfir í Excel og vinna með þau þar.

Ný innri vefsíða

Nýr innri vefur FJS var tekinn í notkun á árinu. Hönnun og breytt framsetning gagna var unnin í samstarfi við Hugsmiðjuna ehf. Vefurinn er einfaldur, aðgengilegur og leysir þau hlutverk sem innri vefur þarf að leysa. Vefurinn er vettvangur starfsmanna til að auglýsa vörur á svokölluðu markaðstorgi og þar birtast mikilvægar tilkynningar og fréttir auk þess sem haldið er úti virku blogg. Upplýsingar um réttindi og skyldur starfsmanna má einnig finna á vefnum. Matseðill fyrir hverja viku er sýnilegur á síðunni og geta starfsmenn skráð sig í mat fyrir vikuna með einföldu skráningarformi. Vert að nefna að vefsíðan hefur almennt fengið góðar viðtökur hjá starfsmönnum og nýverið hlaut hún verðlaun Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) sem „besti innri vefurinn“ á árinu 2014. Það var kærkomin viðbót við verðlaunin sem FJS fékk fyrir „aðgengilegasta ytri vefinn“ á árinu 2013.

Starfsmenn

Í árslok 2014 voru starfsmenn FJS 73, fjölgaði um tvo frá árinu á undan. Karlmennt voru færri en konur, 28 samanborið við 45 konur. Fjórir starfsmenn voru fastráðnir og tveir ráðnir tímabundið. Fjórir starfsmenn hættu á árinu. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi hluta árs. Einn starfsmaður var erlendis þrjá mánuði á árinu vegna norrænna starfsmannaskipta og fjórir starfsmenn voru í launuðu námsleyfi skv. grein 12.2.6 í kjarasamningum háskólanna hluta af árinu.

Innra eftirlit launasviðs FJS hefur verið eftt með reglubundnum úttektum á skýrslum til að fækka villum í launakeyrslum

Fjármála- og efnahagsráðherra opnaði um miðjan ágúst nýjan vef á vegum FJS, rikisreikningur.is. Þar er að finna aðgengilegar upplýsingar með sundurliðunum á tekjum og gjöldum ríkisins frá árinu 2004 og til dagsins í dag á rafrænu formi

Nýr innri vefur FJS var tekinn í notkun á árinu. Nýverið hlaut hann viðurkenningu Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) sem „besti innri vefurinn“ á árinu 2014

Nýr húsaleigusamningur var undirritaður í byrjun árs 2015

Ljóst er að í frumvarpi til laga um opinber fjármál felast mikil áhrif á starfsemi FJS



Hálfoss

Húsnæðið að Vegmúla 3

Rekstrarsvið annast umsýslu húsnæðisins og fylgir eftir að reglubundnu, nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt. Í lok árs 2014 var hafinn undirbúningur að gerð á framhaldi leigusamnings við eigendur húsnæðisins að Vegmúla 3, og m.a. gerð drög að úrbótum sem farið var fram á að yrðu framkvæmdar á húsnæðinu á kostnað eiganda og var forsenda samnings. Nýr húsaleigusamningur var undirritaður í byrjun árs 2015 og gildir hann til ársins 2027. Eins og fyrri ár var lögð töluverð vinna í að yfirfara fjölmarga þætti, sem lúta að aðstöðu starfsmanna og öryggi, t.a.m. starfsaðstöðu, raflýsingu og snjóbræðslukerfi. Öllum nýjum starfsmönnum var boðið upp á heimsókn frá iðjuþjálfra á árinu sem fór yfir starfsaðstöðuna með þeim.

Frumvarp til laga um opinber fjármál (LOF)

Ljóst er að í frumvarpinu felast mikil áhrif á starfsemi FJS enda um að ræða gagngerar breytingar á reikningsskilaaðferðum og uppgjörum ríkissjóðs og ríkisstofnana. Undirbúningsvinna er þegar hafin hjá FJS í tengslum við framangreindar breytingar. Haustið 2014 var auglýst eftir löggiltum endurskoðanda með reynslu og hóf hann störf í október sl. og tók við forstöðu uppgjörssviðs. Ráðinn var starfsmaður með langa reynslu af endurskoðun m.a. hjá sveitarfélögum og töluverða þekkingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum einkageirans, þ.e. IFRS. Jafnframt hefur verið komið af stað vinnuhópi við mat á efnislegum eignum ríkissjóðs, svo sem í samgöngumannvirkjum, fasteignum, jörðum, skipum, flugvélum o.þ.h. Hér er um viðamikil og faglegt starf að ræða sem krefst töluverðrar vinnu og var Stefán Svavarsson, endurskoðandi, fenginn til að stýra verkefninu. Auk hans og tveggja starfsmanna FJS koma að verkefninu starfsmenn nokkurra ríkisstofnana, þ.e. Vega-gerðar, Landspítala, Háskóla Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins. Loks er að nefna að á vegum ráðuneytisins er búið að skipa verkefnisstjórn og vinnuhópa til að vinna að undirbúningi vegna frumvarpsins. FJS á nokkra fulltrúa í þessu starfi og leiðir ásamt ráðuneytinu tvo af fimm vinnuhópum, þ.e. þá sem fjalla um reikningsskil annars vegar og upplýsingakerfi hins vegar. Árangurinn af þessu starfi skiptir FJS miklu máli enda munu áhrifin af nýjum lögum verða veruleg á starfsemi. Innan FJS hefur einnig verið settur upp sérstakur faghópur sem vinnur samhliða þessu starfi og styður við fulltrúa okkar í vinnuhópunum. Lögð verður mikil vinna í þetta starf hjá FJS á árinu 2015.

Fjármál

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í samvinnu við Fjárslustjóra. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá dýpri sýn á fjármálin og tryggja samræmda forgangsröðun verkefna. Jafnframt er unnið sameiginlega að gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu fyrir stofnunina. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma. Rekstraráætlunin tekur jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Afkoma FJS var neikvæð um 80,4 millj. kr. á árinu 2014. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru 1.643,3 millj. kr., hækkuðu um 152 millj. kr. eða 10,2% frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins námu 1.752,3 millj. kr., þar af voru fjárheimildir ársins 1.562,9 millj. kr. og ónýttar heimildir frá fyrri árum 189,4 millj. kr.

Rekstrarafkoma FJS 2012-2014

Í millj. kr.	2014	2013	2012
Sértekjur	-9,1	-5,4	-5,2
Rekstrargjöld	725,0	669,7	623,7
Rekstur upplýsingakerfa	858,4	806,8	793,4
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	69,0	20,1	4,7
Gjöld umfram sértekjur	1.643,3	1.491,2	1.416,6
Framlag ríkissjóðs	1.562,9	1.521,0	1.469,0
Hagnaður / tap ársins	-80,4	29,8	52,4


Neikvæð afkoma á árinu 2014 skýrist að stærstum hluta af einkiptis útgjöldum sem tengjast upplýsingakerfum stofnunarinnar og voru nýttar heimildir fyrri ára til að mæta þeim kostnaði. Hér er einkum um að ræða eftirfarandi útgjöld:

- gagnagrunnsleyfi fyrir Orra 37,4 millj. kr. sem var talið nauðsynlegt fyrir áframhaldandi notkun á kerfinu.
- lokauppgjör vegna uppfærslu á Orra í útgáfu 12.1.3. að fjárhæð 27,8 millj. kr.
- ákveðið var að tímabært væri að bjóða út rekstur á Orra. Gerð útboðsgagna og kröfulýsing krafðist mikillar undirbúningsvinnu og var ráðinn utanaðkomandi verktaki með mikla reynslu og þekkingu á rekstri stórra tölvukerfa til verkefnisins. Kostnaður sem féll til af undirbúningi og úrvinnslu útboðsins nam 23,1 millj. kr. á árinu 2014.

Niðurstaða ársins er því 80,4 millj. kr. tap sem skiptist þannig að rekstur stofnunarinnar var neikvæður um 6,1 millj. kr., rekstur upplýsingakerfa um 26,9 millj. kr. og hugbúnaðargerð 47,3 millj. kr. Hallanum var

Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum

Neikvæð afkoma á árinu 2014 skýrist að stærstum hluta af einkiptis útgjöldum sem tengjast upplýsingakerfum stofnunarinnar og voru nýttar heimildir fyrri ára til að mæta þeim kostnaði



Skógarfoss


mætt með því að ganga á ónýttar fjárheimildir fyrri ára, en í heild var fjárheimildastaða stofnunarinnar jákvæð um 100,0 millj. kr. í árslok 2014. Þetta kemur fram í yfirlitunum tveimur hér fyrir neðan en að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS sem sýndur er í skýrslunni.

Afkoma 2014 eftir viðfangsefnum FJS

Í millj. kr.	Reikningur	Fjárheimild	Frávik
Almennur rekstur	715,9	709,8	-6,1
Tekjubókhaldskerfi	364,8	359,7	-5,1
Fjárhags- og starfsmannakerfi	493,5	471,7	21,8
Almennur rekstur samtals	1.574,3	1.541,2	-33,1
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	0,4	8,2	7,8
Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmanna kerfi	68,6	13,5	-55,1
Stofnkostnaður samtals	69,0	21,7	-47,3
Gjöld umfram sértekjur	1.643,3	1.562,9	-80,3

Staða fjárheimilda 2012-2014

Í millj. kr.	2014	2013	2012
Staða í ársbyrjun	189,4	207,9	252,7
Niðurfelling samkvæmt lokafjárlögum	-9,0	-48,2	-97,2
Hagnaður / tap ársins	-80,4	29,8	52,4
Staða í árslok	100,0	189,4	207,9




Foss á Síðu

Starfsmenn og þróun

Í árslok 2014 voru starfsmenn FJS 73, fjölgaði um tvo frá árinu á undan. Karlmennt voru færri en konur, 28 samanborið við 45 konur. Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að þar eru 3 konur á móti 4 körlum. Myndirnar hér á eftir sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall og aldursdreifingu.


Fjöldi starfsmanna eftir sviðum



Myndin sýnir ekki tvo starfsmenn, þ.e. fjársýslustjóra og einn starfsmann sem vinnur við innra eftirlit.

Á árinu 2014 voru fastráðnir fjórir starfsmenn og tveir ráðnir tíma-bundið. Fjórir starfsmenn hættu á árinu. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi hluta árs. Fjórir starfsmenn voru í launuðu náms-leyfi skv. grein 12.2.6 í kjarasamningum háskólamanna á árinu. Einn starfsmaður var erlendis 3 mánuði vegna norrænna starfsmannaskipta á árinu. Starfsmannavelta var 5,5% en hún var 1,4% árið áður. Meðalaldur starfsmanna er 52,2 ár en var 52,3 árið áður. Meðalstarfsaldur er rúmlega 12,4 ár en var rúmlega 13 ár, árið áður. Háskólamenntaðir eru um 48% starfsmanna og eru viðskiptafræðingar í meirihluta.

Aldursdreifing starfsmanna




Fjársýslan skilgreinir langtímaveikindi sem veikindi er vara einn mánuð eða lengur á ári. Átta starfsmenn af 73 eða 11% voru veikir lengur en mánuð á árinu samanborið við ellefu árið áður. Veikindadagar (aðrir en vegna langvarandi veikinda) voru rúmlega 6,8 dagar að meðaltali 2014 en voru 7,3 dagar 2013. Veikindafjarvistir að meðtöldum langtíma-veikindum voru 10,6 dagar á starfsmann að meðaltali árið 2014 en voru 13 dagar á árinu 2013. Stöðugildi í árslok 2014 voru 72,5 samanborið við 70,9 árið áður. Allir útreikningar á veikindum miðast við virka daga.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2014 kemur fram aftast í skýrslunni.

Í árslok 2014 voru starfsmenn FJS 73, fjölgaði um tvo frá árinu á undan

Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að það eru 3 konur á móti 4 körlum

Kynjahlutfall starfsmanna



Háskólamenntaðir eru um 48% starfsmanna og eru viðskiptafræðingar í meirihluta

Starfsmannavelta var 5,5% en hún var 1,4% árið áður



Kennitölur

Hér koma fram ýmsar lykiltölur með upplýsingum um starfsemi FJS. Sýndar eru ýmsar magntölur yfir starfsemina frekar en að draga fram kostnaðinn af henni. Slíkar upplýsingar koma að góðu gagni í tengslum við forgangsöröðun verkefna og stefnumótun. Hagnýtt gildi þeirra er ótvírætt og mikilvægt að nýta þær til stjórnunar og eftirlits með því að bera útkomuna saman við upphafleg markmið. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða vísibendingu um hvar má gera betur og möguleika á aukinni hagræðingu.

Gerð ríkisreiknings

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt er safnað á einn stað upplýsingum um fjármál allra ríkisaðila og gefin glögg mynd af heildarumsvifum ríkisins. Fjöldi reikningsliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

Fjöldi	2014	2013
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	9	9
Ríkisstofnanir	185	188
Tilfærsluliðir	81	85
Aðrir liðir	150	156
Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings	425	438

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings árið 2014 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 34 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Þar af eru 3 aðilar í B-hluta, 6 í C-hluta, 2 í D-hluta og 23 í E-hluta. Þetta er einum aðila færri en birtust í ríkisreikningi ársins 2013.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum er greiðsluþjónusta FJS tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar ríkisstofnanir.

Innlegg á bankareikninga	2014	2013
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	164.442	144.649
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	257.946	266.895
Bankainnlegg vegna orlofsgreiðslna	164.026	162.455
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	315.876	317.529
Fjöldi bankainnleggja	902.290	891.528

Fjöldi	2014	2013
Tékkar vegna greiðslu reikninga	2	12

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka. Um mitt ár 2011 var hætt að greiða út laun, inneignir og barnabætur með ávísunum. Fjöldi innleggja jókst um 1,2% á milli ára og útgáfa á tékkum er nánast aflögð.



Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 34 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins



Fjöldi innleggja jókst um 1,2% á milli ára og útgáfa á tékkum er nánast aflögð



Svartifoss

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er einkum vegna greiðslu á launum til ríkisstarfsmanna og framlögum til ríkisstofnana og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná meðal annars til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs og innheimtu af veittum lánum ríkissjóðs.

Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og smærri ríkisstofnanir nær einkum til greiðslna á reikningum vegna rekstrarkostnaðar, styrkveitinga og samninga. Í flestum tilvikum annast stærri ríkisstofnanir sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

Fjöldi	2014	2013
Ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS	90	91
Skráðir reikningar	101.810	111.554
Rafrænar reikningar	30.980	18.342
Bókaðar færslur	427.500	505.200
Skönnuð skjöl	670.590	666.951
Greiðslur	130.293	144.661

Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS, en flestar þeirra eru einnig í greiðsluþjónustu.

Fjöldi	2014	2013
Ráðuneyti og stofnanir í bókhaldsþjónustu FJS	90	91
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	104	106
Samtals	194	197

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæfð heildarlausn í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagsbókhaldi, launa- og starfsmannakerfi, verkbókhaldi, innkaupakerfi, eignakerfi o.fl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara á netinu. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingum við þjóðskrá, íslenska banka og tekur mið af íslenskum reglum um virðisaukaskatt.

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Eignaskráningarkerfi er hluti af fjárhagskerfinu og hefur það verið sett upp hjá stofnunum. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni.

Fjöldi	2014	2013
Ráðuneyti og ríkisstofnanir sem nota Orra	181	181
Ríkisstofnanir utan Orra	13	16
Samtals	194	197
Hlutfall þeirra sem nota Orra	93,3	91,9

Mannauðskerfið heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins. Starfsmannahlutinn hefur að geyma víðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem þarf við launaútreikninga í launagreiðsluhlutanum. Í kerfinu eru greidd laun allra starfsmanna hjá A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.

Fjöldi	2014	2013
Launþegar að meðaltali á mánuði	22.916	22.633
Launavinnslur á árinu	15	14
Launaseðlar á árinu	293.715	289.641


Vinnustund er vaktáætlunar- og viðverukerfi sérhannað af Advania. Kerfið heldur utan um tíma- og fjarvistarstráningar starfsmanna ásamt því að vera öflugt tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra. Kerfið er sérsníðið að þörfum ríkisstofnana og tengist beint við mannauðskerfi Orra. Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 101 talsins og eru með um 80% af starfsmannafjölda ríkisstofnana. Lögð er rík áhersla á að sem flestar ríkisstofnanir innleiði kerfið. Sérstaklega er það mikilvægt í tengslum við væntanleg ný lög um opinber fjármál, en þar er gert ráð fyrir að áfallið orlof sé fært í tengslum við ársuppgjör ríkisstofnana. Ráðningarkerfið hefur verið í notkun í nokkur ár og var haldið áfram með innleiðingu þess hjá stofnunum. Í árslok 2014 hafði 51 stofnun innleitt kerfið, en á árinu var það notað til að ráða í 1.961 starf.

Aðrir kerfishlutar sem settir hafa verið upp í Orra eru: fræðslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi, ferðauppgjörskerfi, vörustýring, verkbókhald, birgðir, pantanir, vefverslun og samningakerfi. Sjálfsafgreiðslan er aðgengileg öllum starfsmönnum ríkisins en notkun á hinum kerfishlutunum er mjög mismunandi eftir stofnunum. Þar skiptir stærð og eðli stofnananna mestu. Landspítalinn er t.d. stór aðili í vörustýringu og birgðahaldi og Vegagerðin í verkbókhaldi. Sífellt fleiri stofnanir telja sig hafa þörf fyrir að taka upp vörustýringu og verkbókhald. Þá hafa ráðuneytin gert samning við Advania um að setja upp í Orra samningakerfi þar sem haldið er utan um samninga um fjárframlög.

Lánakerfi ríkisins

FJS heldur utan um tekin og veitt lán ríkissjóðs og er það gert í lána-kerfinu Libra Loan. Þar er einnig haldið utan um skuldaviðurkenningar. Áfram hefur verið unnið að því að þróa kerfið frekar og efla virkni þess. Um þessar mundir er unnið að því að setja upp nýtt fjárstreymislíkan í kerfið sem getur meðal annars nýst fjármála- og efnahagsráðuneytinu við skuldastýringu. Í árslok 2014 voru veitt lán 608 að tölu og tekin lán 323.

Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 101 talsins og eru með um 80% af starfsmannafjölda ríkisstofnana



Litlanaesfoss

Í árslok 2014 hafði 51 stofnun innleitt ráðningarkerfið, en á árinu var það notað til að ráða í 1.961 starf

Ráðuneytin hafa gert samning við Advania um að setja upp í Orra samningakerfi þar sem haldið er utan um samninga um fjárframlög

Í árslok 2014 voru veitt lán 608 og tekin lán 323

Útgefnunum seðlum fjölgaði um 11,6%.



Mikill fjöldi námskeiða var haldinn fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2014 á vegum FJS

Tekjubókhaldskerfi ríkisins

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum, Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og Innheimtuskiðakerfi, sem notuð eru við innheimtu tekna ríkissjóðs og skiptingu þeirra þar sem það á við, svo sem til sveitarfélaga.

Fjöldi	2014	2013
Útgefnir greiðsluseðlar	993.036	963.069
Útgefnir gíróseðlar	569.127	436.944
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.201.835	1.141.067
Útsend innheimtubréf	191.556	195.563

Í heild voru útgefnir seðlar tæplega 1,6 milljónir á árinu 2014, fjölgaði um 11,6% frá árinu á undan.

Uppgjör og skil á staðgreiðslu

FJS sér á hverjum degi um skiptingu og skil á innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Þá sér FJS einnig um skil á hlutdeild sókna og trúfélaga í tekjuskatti.

Fjöldi	2014	2013
Sveitarfélög	75	76
Sóknir	337	334
Kirkjugarðar (Kirkjugarðaráð Íslands og Kirkjugarðasjóður)	2	2

Námskeið

Fræðsla er vaxandi þáttur í starfsemi FJS. Mikill fjöldi námskeiða var haldinn fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2014 á vegum FJS og í samvinnu við aðra, svo sem fjármála- og efnahagsráðuneytið og Advania. Þessi námskeið voru í Orra, Vinnustund, TBR og gerð rekstraráætlna. Haldin voru ýmis sértæk námskeið fyrir stofnanir, þar á meðal voru námskeið í launaafgreiðslu, rafrænum reikningum, samþykktarferlum, fyrirspurnum í Orra og vefskýrslum. Einnig voru haldnar kynningar í tengslum við eignakerfið.



09-103 Fjársýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR 2014

fjs Fjársýsla
ríkisins



09-103 Fjársýsla ríkisins Ársreikningur 2014

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	2014	2013	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	9.083.700	5.410.732	1.600.000
Gjöld samtals.....	1.652.347.183	1.496.653.899	1.564.500.000
Framlag úr ríkissjóði.....	1.562.900.000	1.521.000.000	1.562.900.000
Hagnaður/tap ársins.....	-80.363.483	29.756.833	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	141.998.364	222.605.181	
Skuldir samtals.....	41.979.792	33.202.233	
Höfuðstóll í árslok.....	100.018.572	189.402.948	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	140.676.364	222.355.181	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

26.02.2015



Gunnar S. Hall
Forstöðumaður

Ragnvörtur Gunnarsd.
Aðalbókari

Fjársýsla ríkisins
09-103

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2014	Reikningur 2013	Fjárheimildir 2014
Tekjur			
Sértekjur.....	9.083.700	5.410.732	1.600.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	9.083.700	5.410.732	1.600.000
Gjöld			
Almennur rekstur	1.583.347.597	1.476.507.150	1.542.800.000
101 Almennur rekstur.....	724.969.150	669.718.043	711.400.000
143 Tekjubókhaldskerfi.....	364.832.922	351.794.545	359.700.000
147 Fjárhags- og starfsmannakerf.....	493.545.525	454.994.562	471.700.000
Stofnkostnaður	68.999.586	20.146.749	21.700.000
643 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubó.....	354.271	4.062.953	8.200.000
647 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhag.....	68.645.315	16.083.796	13.500.000
Gjöld samtals	1.652.347.183	1.496.653.899	1.564.500.000
Tekjur umfram gjöld	-1.643.263.483	-1.491.243.167	-1.562.900.000
Framlag úr ríkissjóði.....	1.562.900.000	1.521.000.000	1.562.900.000
Hagnaður/tap ársins	-80.363.483	29.756.833	0

Fjársýsla ríkisins
09-103

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2014	Reikningur 31.12.2013
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	140.676.364	222.355.181
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	1.322.000	250.000
Handbært fé.....	0	0
Veltufjármunir samtals	141.998.364	222.605.181
Eignir samtals	141.998.364	222.605.181
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	189.402.948	207.890.320
Breyting v/lokafjárlaga.....	-9.020.893	-48.244.205
Hagnaður/tap ársins.....	-80.363.483	29.756.833
Höfuðstóll í árslok	100.018.572	189.402.948
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals	0	0
Eigið fé í árslok	100.018.572	189.402.948
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	0	0
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	41.979.792	33.202.233
Skammtímaskuldir samtals	41.979.792	33.202.233
Skuldir samtals	41.979.792	33.202.233
Skuldir og eigið fé samtals	141.998.364	222.605.181

Sjóðstreymi

Fjársýsla ríkisins
09-103

	Reikningur 2014	Reikningur 2013
Hagnaður/tap ársins	-80.363.483	29.756.833
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-1.072.000	-164.150
Breyting skammtímaskulda.....	8.777.559	4.903.593
Handbært fé frá rekstri	-72.657.924	34.496.276
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	-1.562.900.000	-1.521.000.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	1.635.557.924	1.486.503.724
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	72.657.924	-34.496.276
Breyting á handbæru fé	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	0	0
Handbært fé, hreyfingar	0	0
Handbært fé í árslok	0	0

Fjársýsla ríkisins
09-103

Staða viðfangsefna 31.12.2014

Sundurliðun	Viðfangsefni fjárlaga og heita				
	Almennur r 101	Tekjubókhaldsk 143	Fjárhags- og s 147	Hugbúnaðargerð 643	Hugbúnaðargerð 647
Tekjur					
Sértekjur	9.083.700	0	0	0	0
Markaðar tekjur	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0
Tekjur alls	9.083.700	0	0	0	0
Rekstrargöld	724.969.150	364.832.922	493.545.525	354.271	68.645.315
Framlag ríkissjóðs	709.800.000	359.700.000	471.700.000	8.200.000	13.500.000
Niðurstaða ársins	-6.085.450	-5.132.922	-21.845.525	7.845.729	-55.145.315
Höfuðstóll í upphafi árs	17.713.445	37.595.455	55.505.438	21.045.170	57.543.440
Breyting v/lokafjárlaga	0	-895.455	-8.125.438	0	0
Höfuðstóll 31.12.2014	11.627.995	31.567.078	25.534.475	28.890.899	2.398.125

Sundurliðun	Samtals öll viðfangsefni	
	2014	2013
Tekjur		
Sértekjur	9.083.700	5.410.732
Markaðar tekjur	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0
Tekjur alls	9.083.700	5.410.732
Rekstrargöld	1.652.347.183	1.496.653.899
Framlag ríkissjóðs	1.562.900.000	1.521.000.000
Niðurstaða ársins	-80.363.483	29.756.833
Höfuðstóll í upphafi árs	189.402.948	207.890.320
Breyting v/lokafjárlaga	-9.020.893	-48.244.205
Höfuðstóll 31.12.2014	100.018.572	189.402.948



Háifoss

Starfsmenn Fjársýslu ríkisins í árslok 2014

Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri

Bókhaldssvið

Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður

Anna Guðmundsdóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Brynhildur Birgisdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún Ingibjörg Alexíusdóttir
Guðrún Erla Tómasdóttir
Hanna Dóra Haraldsdóttir
Hulda Björk Guðjónsdóttir
Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir
Íris Dögg Jónsdóttir
Katrín Dögg Hilmarsdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Lára Guðmundsdóttir
Lilja Guðný Friðvinsdóttir
Pétur Óli Jónsson
Rakel Guðný Pálsdóttir
Sara Magnea Tryggvadóttir
Sunna Þórsdóttir
Svanhvít Erla Einarsdóttir

Launasvið

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Arngrímur V. Angantýsson
Ásgeir M. Kristinsson
Drífa Ósk Sumarliðadóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðný Steinunn Guðlaugsdóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Kristján Jón Jónsson
Laufey Óskarsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sóley Jakobsdóttir

Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri
Geir Thorsteinsson
Hansína Rut Rútsdóttir
Haraldur Blöndal
Kristín Magnadóttir
Oddrún Pétursdóttir
Stefanía Ragnarsdóttir
Vilborg Hólmjárn

Ríkisfjárhirsla og Tæknisvið

Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason
Björn Kristjánsson
Guðbrandur Jón Jónsson
Guðmundur Vigfússon
Guðrún Á. Janusdóttir
Gunnar Guðnason
Helgi Nielsen
Jóhann Þór Arnarsson
Kristín Orradóttir
Sigríður Ingólfsdóttir
Thelma Hólm Másdóttir
Þorkell Pétursson

Tekjusvið

Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður

Barði E. Barðason
Gyða Sigurlaugsdóttir
Guðjón Á. Ríkharðsson
Halldór Jóhann Harðarson
Jóhann Halldórsson
Jónas H. Jónsson
Sonja Sigurðardóttir
Steinvör Edda Einarsdóttir
Þorvaldur Steinarsson

Uppgjörssvið

Þórir Hvanndal Ólafsson, forstöðumaður

Ása Ólafsdóttir
Elín Viola Magnúsdóttir
Helga Viðarsdóttir
Theodóra P. Sigurðardóttir
Úlfar G. Ásmundsson
Þorvaldur Egilson

Innra eftirlit

Pétur Jónsson



VEGMÚLA 3 • 108 REYKJAVÍK, SÍMI 545 7500 • FAX 562 6383, POSTUR@FJS.IS • WWW.FJS.IS